

Mál nr 36/2016

Ár 2017, þriðjudaginn 18. apríl, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ.

Fyrir var tekið mál nr. 36/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 15. desember 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess að tíkin hefði náð tilskildum lágmarksaldri auk þess sem tíkin var ekki með gilt augnvottorð við pörun. Kæran hefur verið birt kærðu og kærða hefur sent inn andsvar og útskýringar á meintu broti sínu. Þar sem um ítrekað brot er að ræða þá var kærða boðuð á sáttafund með siðanefnd 18. apríl á skrifstofu félagsins. Ekki náðust sættir en þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 2. desember 2016 var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 8.-12. ágúst 2016. Við pörunina hafði tíkin ekki náð tilskildum lágmarksaldri sem kveðið er á um í reglum félagsins og var auk þess ekki með gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Yorkshire terrier og eru báðir í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða hefur sent inn bréf til nefndarinnar þar sem hún tilgreinir hverjar séu ástæður fyrir pöruninni og kemur þar fram með sín sjónarmið í málinu. Þá mætti kærða á sáttafund hjá siðanefnd og endurtók þar sín sjónarmið og tiltók einnig að hún hefði verið ábyrgur ræktandi í félaginu frá árinu 2000.

III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ grein 3.3 segir:

„Para ekki tík fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda varðandi undaneldisdýr.“

Og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Yorkshire terrier:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun (Gildir frá 01.1.2015). Greinist hundur með arfgenga vaxandi sjónurýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01.09.2012). Undaneldisdýr verða að hafa undangengist DNA próf gagnvart prcd-PRA til að hvolpar fáið skráðir í ættbók. Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framarlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by partentage N/C/P). (Gildir frá 01.1.2015). Lágmarksaldur tíka við þörun er 18 mánaða (Skv beiðni terrierdeildar 20.01.10)“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin aðeins 11 mánaða gömul og vantaði því 7 mánuði til að ná tilskildum lágmarksaldri sem reglur félagsins kveða á um og að auki var tíkin að sjálfsgöðu ekki augnskoðuð.

Kærða hefur borið því við að um slysgot hafi verið að ræða. Þá móttók siðanefnd bréf frá þeim sem hafði tekið að sér að sjá um tíkina fyrir kærðu þegar þörun átti sér stað og lýsir sig alfarið ábyrga fyrir þessari ótímabæru þörun. Einnig hefur kærða sent inn vottorð frá dýralækni þar sem fram kemur að tíkin hafi þrátt fyrir ungan aldur jafnað sig vel eftir gotið, sé lífleg og kát og hafi ekki átt í neinum vandræðum með gotið.

Grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ kveður á um það að ekki skuli para tík fyrir tveggja ára aldur nema annað sé tekið fram í reglum sérdeilda og þar kemur fram varðandi tegundina Yorkshire terrier að lágmarksaldur tíka við þörun skuli vera 18 mánuðir en tíkin var tæplega 13 mánaða gömul við þörun. Reglan er sett með dýravernd að leiðarljósi og ætti öllum ræktendum að vera bæði ljúft og skylt að halda slíka reglu.

Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og mikilvægt að það liggi fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundarnir beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Tíkin hefur verið augnskoðuð eftir þörunina og til allra heilla stóðst hún skoðun. Það breytir þó ekki brotinu að tíkin hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrir séð.

Þá liggur það fyrir að kærða hefur tvívegis áður á síðustu þremur árum gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ, en þrátt fyrir það á kærða að baki margra ára farsælt ræktunarstarf og þykir siðanefnd meiga taka tillit til þess við niðurstöðu úrskurðar.

IV. Niðurstaða.

Kærða, Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 og grein 3.3 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða sætir áminningu þriðja sinni, útilokun frá starfi HRFÍ í 6 mánuði, þar með talið þátttöku í sýningum félagsins, afhendingu ættbókarskýrteina og þátttöku í trúnaðarstörfum félagsins.

f.h. siðanefndar

Guðrún Margrét Baldursdóttir

Guðríður Þorbjörg Valgeirsdóttir

Kristín Sveinbjarnardóttir